

Morgunblaðið

STOFNAÐ 1913

Útgáfufélag: Árvakur hf., Reykjavík.

Ritstjóri: Davíð Oddsson
Ritstjóri og framkvæmdastjóri: Haraldur Johannessen

Aðstoðarritstjóri: Karl Blöndal

Málheftir valdsmenn

Menn muna þegar rússagaldurinn hinn síðari geisaði, eftir að bandarískir demókratar höfðu soðið saman leyniskýrslur um að Pútín forseti Rússlands hefði haft putta í kosningunum vestra og ráðið því að Trump sigraði Hillary, sem demókratar höfðu þó komið sér saman um að væri hvorki hægt né leyfilegt.

Vestrænar fréttastofur, sem veikastar voru fyrir, eins og sú uppi í Efstaleiti, sem missir sig alltaf fyrst allra, létu teyma sig á asnaeyrunum misserum saman og hafa sennilega ekki enn uppgötvað hvernig farið var með þær. Lakara var að betri menn gleypu næstum því jafnhraut upplýsingar um að rússneskir tölvuþrjótur hefðu sett fjármuni inn á Fésbók og þess háttar fyrirbæri, til að hafa áhrif á kosningarnar Trump í hag. Ef þeir hefðu andað rólega hefðu þeir séð að upphæðirnar sem um var að tefla voru sambærilegar við það, að færeyskir tölvuþrjótur hefðu varið tæpum 50 þúsund krónum til að hafa áhrif á íslensku kosningarnar síðast! Til samanburðar má nefna að Bloomberg, sem ætlaði sér að verða forsetaefni demókrata, sagðist tilbúinn að verja úr eigin vasa sem svarar 260 milljörðum króna í prófkjör sitt, og hefði þó ekki sést högg á hans dollaravatni. Hann yfirkeyrði alla aðra frambjóðendur með auglýsingu í öllum miðlum og fór þó á sitjandanum út úr prófkjörinu og náði lítið betri árangri en Elizabeth Warren öldungadeildarþingmaður og flokkssystir Bloombergs, sem frægust varð fyrir að hafa ættleitt sjálfa sig sem indíána og notið í kjölfarið forgangs sem beint er að ofsóttum, til að mynda í háskólum „sveitaborpanna“, sem nýlega komu til umræðu hér.

Warren vildi verða forseti eins og Sanders sósíalístaforingi og Joe Biden í kjallaranum. Það hefði verið skammtilegt því þá hefði hún ekki aðeins orðið fyrsta konan til þess í Bandaríkjunum heldur einnig fyrsti indíáninn, sem var ekki meiri indíáni en íslenskir afkomendur Jóns Arasonar, til að verða forseti. Warren hefur „mjög

Það er síðari tíma kenning að leiðtogar sem leggja í langa för til viðræðna megi ekki talast við nema snápar hleri

ríka réttlætiskennd“ og sá þess vegna ekki neitt að því þótt indíánablóðið rynni úr æðum hennar án sérstakra hátíðarhalda líkast skolvatni að leka úr baðkeri þegar tappinn er tekinn og hún varð ómerkilegur „bleiknefji“ aftur.

Rússagaldurinn var mikið undur því að ein mesta rannsókn sem sett hefur verið til höfuðs lýðkjörnum forseta og stóð á þriðja ár fann ekki tangur eða tetur af honum. Eina samsærið sem bandarískur forseti hefur tekið þátt í á bak við þjóð sína og upp komst var á milli Pútíns og Obama. Að vísu hafði Pútín Medvedev að nafninu til fyrir sig sem forseta um þær mundir, vegna galla á rússnesku stjórnarskránni sem nú hafa verið lagfærðir.

Obama hvíslaði því úti í horni, fjarri öllum blaðamönnum, að hann gæti ekki orðið við beiðni þeirra í Kreml í aðdraganda kosninga. En þegar hann hefði lokið þeim af hefði hann miklu frjálsari hendur til þess! Medvedev „forseti“ svaraði sem svo: Ég lét Vladimir strax vita um þetta.

En svo vildi til að hljóðupptökumaður sem var tugi metra frá þessu valdahljóði, þar sem samsærirbræður virtu ekki einu sinni 50 sentimetra reglu sóttvarnalæknis, hafði langt rör sem beina mátti að vörum valdsins og hann náði leynispjallinu upp á band. Þeir, sem hafa fylgst með rússagaldurinum síðari, telja sig vita að hefðu slíkar eða aðrar eins yfirlýsingar náðst frá Pútín og Trump hefði sá síðarnefndi ekki farið í framboð nú.

Valdamestu stjórnálmenn heims hafa lært af mistökum Obama og Medvedevs. Fróðlegt er mjög að horfa á forsíðumynd vefs Der Spiegel þar sem Merkel kanslari Þýskalands er að ræða við Pútín forseta, sem eitt sinn var einn helsti yfirmaður KGB í landi æsku hennar og drauma, Austur-Þýskalandi. Merkel heldur hendi sinni tryggilega við hlið munnsins og ætlar augljóslega að tryggja að enginn með löng rör taki upp eða fái sérfræðinga til að lesa varamálið. Enda líklegast að þau séu að ræða miklu lengri og víðari rör og í alla staði gasaleg.

Síðir og síðareglur Ríkisútvarpsins

BAKSVIÐ

Andrés Magnússon
andres@mbl.is

Kæra Samherja til síðanefndar Ríkisútvarpsins vegna ætlaðra brota 11 starfsmanna þess á síðareglum Rúv. hefur vakið mikla athygli og sýnist sitt hverjum, einatt með tilliti til þess sem um var deilt eða afstöðunnar til Samherja, sem getur verið upp og ofan.

Það þarf þó hvorki að taka efnislega afstöðu til kæruliða Samherja né brjóta til mergjar hvaða skoðanir starfsmanna Rúv. voru þar áttaldir til að sjá að þeir höfðu að engu fyrir mæli síðareglna um að þeir tækju ekki opinberlega afstöðu í hitamálu á félagsmiðlum.

Vel má spyrja hvaða gildi síðareglurnar hafa þegar vænn fjöldi starfsmanna, þ.á m. stjórnendur, skeytir ekki um þær og yfurstjórnin vanrækir að framfylgja þeim.

Eins og fram kom í Morgunblaðinu í gær telur nýr útvarpsstjóri breska ríkisútvarpsins BBC að trúverðugleiki þess hafi beðið hnekkir vegna framgöngu starfsmanna á félagsmiðlum og hyggst framfylgja hlutleysisreglum þar að lútandi af hörku. Ekki er að efa að Stefán Eiríksson útvarpsstjóri hefur fylgst með þeirri umræðu.

Vandræðaskjalið mikla

Þessi mál hafa þó vafist nokkuð fyrir útvarpsstjóra, eins og vel sást í sérstakri yfirlýsingu hans vegna ásakana í sjónvarpsþætti Samherja á YouTube á hendur Helga Seljan, sem að miklu leyti snerust um eðli og efni lykilskjals í umfjöllun Kveiks 2012, en það var jafnframt tilefni rannsóknar Seðlabankans á Samherja eftir ábendingu Kveiks.

Þar hafnaði útvarpsstjóri öllum ásökunum, en síðan hefur komið í ljós að umrætt plagg var hvorki opinber skýrsla né í fórum Rúv. Útvarpsstjóri er reyndur embættismaður, svo erfitt er að skilja af hverju hann var svo afdráttarlaus um það, sem hann gat ekki haft mikil fyrir sér um. Og síðan var sagt sitt á hvað að skjalið væri til eða ekki, að Seðlabankanum hefði verið afhent afrit af því eða frumskjalið.

Hvers vegna var allur þessi feluleikur um lykilskjál málsins, sem



Morgunblaðið/Eggert

Ríkisútvarpið Aðfinnslur vegna vinnubragða og kærur vegna athugasemda fréttamanna á félagsmiðlum kalla á viðbrögð útvarpsstjóra.

Síðareglur Ríkisútvarpsins 4. mgr. 3. gr.:

„Starfsfólk, sem sinnir umfjöllun um fréttir, fréttatengt efni og dagskrárgerð, tekur ekki opinberlega afstöðu í umræðu um pólitísk mál eða umdeild mál í þjóðfélagsmálum, þ.á m. á samfélagsmiðlum.“

varð kveikjan að rannsókn Seðlabankans, þótt ekki væri það með í málsskjöllum þegar til kastanna kom fyrir dómi? Um það er erfitt að fullyrða, en líklegasta skýringin er sjálfsgætt athugasemd starfsmanns Verðlagsstofu skiptaverðs í lok þess. Í Kveik var aðeins vitnað til fyrstu setningarinnar en ekki niðurlagsins, svo áhorfendur fengu beinlínis villandi mynd af mati starfsmannsins. Það ber ekki vott um vönduð vinnubrögð eða framsetningu, svo vægt sé til orða tekið.

Síðanefndin sem hvergi finnst

Fram hefur komið að síðanefnd Rúv. hafi ekki verið skipuð í rúmt ár, þar sem verið væri að endurskoða síðareglurnar, sem þó voru ekki nema þrjú ára gamlar.

Ekki láta börnin bíða

Undanfarin ár hef ég ítrekað gert tilraun til að vekja athygli stjórnvalda á því ástandi sem ríkt hefur um árabíl á fjölskyldusviði sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu. Ástandið sem bitnar harkalega á börnum en því miður þá fylgja efnir ekki fögrum orðum stjórnvalda um úrbætur.

Mér varð hugsað til þessa þegar ég sá auglýsingamyndband dómsmálaráðherra sem dreift er á samfélagsmiðlum þessa dagana. Þar er sérstaklega víkið að fjármagni til sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu til að stytta málsmeðferðartíma á fjölskyldusviði og ákvað ég því að skoða framfarirnar vegna aðgerða ráðherra. Hvort eitthvað væri að þokast í átt að mannúðlegri málsmeðferð í málefnum barna hjá embættinu.

Nú má ekki misskilja mig á þann hátt að ég telji starfsfólk fjölskyldusviðs ekki vera að sinna sínum störfum, heldur hef ég einfaldlega bent á að undanfarin ár hefur embættið og þá sérstaklega fjölskyldusviðið verið það undirmanað að það hafi bitnað verulega á hagsmunum og réttindum barna.

Rétt er að rífa upp að fjölskyldusvið annast hvers kyns ágreiningsmál er varða forsjá og lögheimili barna, umgengni og meðlag en einnig ættleiðingarmál af öllu landinu sem og mál er varða andlát og dánarbú. Eins og staðan er í dag, í byrjun septembermánaðar 2020, þá hafa mál sem bærast embættinu um forsjá, lögheimili og umgengni

Pistill



Helga Vala Helgadóttir

eftir 12. mars sl. enn ekki verið tekin til umfjöllunar. Þetta þýðir að ef foreldra greinin á um t.d. umgengni barns við annað foreldri eða hvar barn á að búa og hafa leitað með þann ágreining til sýslumanns þann 13. mars sl. þá hefur málið ekki enn komist til fulltrúa til fyrsta fundar. Við verðum einnig að hafa í huga að þegar málið komast loksins til fulltrúa sýslumanns, eftir a.m.k. 6 mánaða bið, þá taka við nokkrir fundir með foreldrum, ýmist saman eða hvoru í sínu lagi. Ef ekki tekst að sætta mál hjá fulltrúa tekur við sáttameðferð hjá sáttamanni. Í barnalögum verður að hafa sótt sáttameðferð áður en úrskurðar eða dóms er krafist um forsjá, lögheimili, umgengni, dagsektir eða aðför. Foreldrar hafa ekki val heldur verða þau að fara í sáttameðferð. Á landinu öllu eru nú fimm stöðugildi sáttamanns en voru til 1. ágúst sl. fjögur. Fimm stöðugildi í 360 þúsund manna samfélagi. Þessi ákvörðun stjórnvalda leiðir til þess að mál á fjölskyldusviði sem varða börn, og bærast eftir 16. október 2019, eða síðastliðna 11 mánuði, hafa ekki enn verið tekin til umfjöllunar hjá sáttamönnum. Þau eru bara á bið. Það blasir við að grunntengslamyndun barns sem ekki fær að vera í reglulegri umgengni við foreldri sitt skaðast varanlega á þessum langa tíma og þar bera stjórnvöld ábyrgð. Stjórnvöld verða að gera betur þegar kemur að þessum málaflökki. Ekki láta börnin bíða. helgavala@althingi.is

Höfundur er þingman Samfylkingarinnar.